



Heilbrigðiseftirlit Vesturlands  
B.t. Þorsteins Narfasonar, framkvæmdastjóra  
eftirlit@hev.is  
Innri mel 3  
301 Akranes

Grundarfirði 5. apríl, 2024.




## **Umsókn um starfsleyfi fyrir efnismóttöku vegna uppbyggingar landfyllingar við Grundarfjarðarhöfn**

Grundarfjarðarhöfn sækir hér með um starfsleyfi til tíu ára fyrir efnismóttöku innan hafnarsvæðis Grundarfjarðarhafnar skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Efnismóttakan verður nýtt á meðan á framkvæmdum við uppbyggingu landfyllinga á hafnarsvæði Grundarfjarðarbæjar stendur, skv. aðalskipulagi Grundarfjarðarbæjar. Efnismóttakan verður í upphafi staðsett á eldri landfyllingu hafnarinnar en verður færð til, út á landfyllinguna eftir því sem hún byggist upp. Nánari upplýsingar um fyrirkomulag efnismóttöku er að finna í fylgiskjali.

Nú er einvörðungu sótt um heimild til að setja upp efnismóttökuna, því hér bíður efni víðsvegar sem safna þarf saman í efnismóttökuna. Strax í framhaldi verður einnig sótt um eftirfarandi leyfi til stækkunar hafnarsvæðisins með landfyllingu á grunni aðalskipulags Grundarfjarðarbæjar:

- Framkvæmdaleyfi frá bænum skv. 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.
- Heimild til vörpunar efnis í hafið frá Umhverfisstofnun, skv. 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.
- Starfsleyfi fyrir landfyllingu frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands.

Virðingarfyllst, f.h. Grundarfjarðarhafnar,

  
  
Hafsteinn Garðarsson, hafnarstjóri  Liouðarsson  
Hafnarsjóður  
Grundarfjarðarhafnar

Fylgiskjal: Starfsleyfisumsókn fyrir efnismóttöku vegna landfyllingar við Grundarfjarðarhöfn, dags. 5. apríl 2024, sjá [hér](#).